

Nd.

154. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 1. september ár hvert. Ráðherra getur þó, eftir tillögum veiðimálastjóra, heimilað stangarveiði til 10. september.

2. gr.

2. málsgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Til veiði þeirrar, er ræðir um í 1. málsgrein, þarf veiðiskirteini. Ráðherra gefur út veiðiskirteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Skal skirteinið gefið út til tiltekins tíma og hljóða á nafn, eða vera gefið út fiskiræktarfélagi til handa. Skirteini um veiði til klaks heimilar þó eigi veiði í öðrum fiskihverfum en því, sem klakið er starfrækt við, nema með fullu samþykki veiðieigenda og fiskiræktarfélaga, ef til eru. Binda má leyfið því skilyrði, að hæfilegri tölu seiða sé sleppt í vatn það, sem veitt er í,

3. gr.

Aftan við 1. lið 22. gr. laganna bætist: Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef veiðimálastjóri mælir með því.

4. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 28. greinar laganna komi: 3,5 cm.

5. gr.

Fyrir „4,5 cm“ í 1. lið 29. greinar laganna komi: 3,5 cm.

6. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

3. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en svo, að leyfilegt sé samkvæmt 2. málsgr., og vill hvorugur vikja. Skal þá mat skera úr ágreiningnum.

7. gr.

Á eftir 84. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 85. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því):

1. Nú hefir einhver sá, sem veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að ákvæði laganna fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann mátti áður einni við koma, og skal hann þá eiga kröfu til skaðabóta eftir mati (sbr. 83. gr.).

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnarveiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greið-

ist að $\frac{1}{2}$ úr rikissjóði og $\frac{1}{2}$ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða sýslna.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti landbúnaðarnefnd neðri deildar frumvarp til laga um breyting á lögunum um lax- og silungsveiði frá 23. júní 1932. Er frumvarp það á þskj. 36 frá því þingi. Frumvarp þetta gekk í gegnum neðri deild með nokkrum viðaukum, en í efri deild varð það eigi útrætt. Hafði þó landbúnaðarnefnd þeirrar deildar athugað frumvarpið og gert við það litilsháttar breytingu.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, er að miklu leyti samhljóða frumvarpi neðri deildar á síðasta þingi. Þær einar breytingar eru á því gerðar, að tillaga landbúnaðarnefndar efri deildar er að nokkru leyti tekin upp, og því inn í bætt, að undanþágu megi veita frá skilyrðislausu banni við silungsveiði í net í vötnum, þar sem ekki er starfrækt klak, á tímabilinu frá 27. sept. til 31. jan. ár hvert.

Nánar í framsögu.